

Atvinnuvegaráðuneytið

Kolbeinn Árnason

Skrifstofustjóri auðlindasviðs

30. desember 2025


Sæll Kolbeinn og gleðilegt nýtt ár

Í ljósi þess að ráðgjöf Hafró í djúpkarfa hefur verið 0 tonn frá fiskveiðiárinu 23/24 vekur það athygli að gefinn hafi verið út 2.500 tonna kvóti fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

LS óskar skýringa á því hvort ákvörðunin hafi verið tekin af frumkvæði Atvinnuvegaráðuneytisins eða að beiðni þessa efnis hafi borist ráðuneytinu frá hagsmunaaðilum. Jafnframt er þess farið á leit að ráðuneytið upplýsi um ástæður fyrir ákvörðuninni, ekki síst í ljósi framangreindrar ráðgjafar frá Hafró.

Hafi ráðuneytinu borist erindi þessa efnis frá hagsmunaaðilum, óskar LS eftir afriti af bréfum sem tengjast málefninu. Þar verði jafnframt upplýst um álit Hafrannsóknastofnunar.

Virðingarfyllst



formaður